

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 29. apríl 2022

Mál nr. S-231/2022:

## Héraðssaksóknari

(Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari)

## gegn

## Faisal Mohed Freer

(Guðrún Björg Birgisdóttir lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 5. apríl 2022, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 10. janúar 2022 „á hendur Faisal Mohed Freer, kennitala [...], með dvalarstað að [...], [...], fyrir neðangreind brot framin í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 8. ágúst 2021 á skemmtistaðnum [...] að [...] í Reykjavík, sem hér greinir.

1. Tilraun til nauðgunar, með því að hafa ruðst inn á salerni þar sem A, kennitala [...] var staddur, dregið niður um hann buxur og nærbuxur og reynt að hafa endaparmsmök við hann án hans samþykkis en A sagðist ítrekað ekki vilja þetta og reyndi að ýta ákærða frá og þegar hann náði að ýta honum frá fór ákærði niður á hnén og reyndi að hafa munnmök við A en hann náði að komast út af salerninu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Nauðgun, með því að hafa stuttu síðar, farið á eftir A inn á salernið, þrýst honum upp að vegg, dregið niður um hann buxur og haft við hann endaparmsmök án hans samþykkis en A sagði ítrekað að hann vildi þetta ekki og reyndi að komast frá ákærða og þegar A tókst að snúa sér frá ákærða, tók hann í hönd hans og þvingaði hann niður á hnén og lét hann hafa við sig munnmök og hætti ekki þótt A bæði ítrekað um það og berði ákærða framan á læri og þegar A náði að rífa sig frá ákærða, fróaði hann sér fyrir framan hann þar til A náði að komast út af salerninu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

3. Brot gegn lögum um útlendinga, með því að hafa við handtöku haft í vörslum sínum grunnfalsað belgískt ökuskírteini ánöfnuðu B fd. [...], með gildistíma frá 11. október 2019 til 10. október 2029 og grunnfalsað kennivottorð frá Belgíu ánöfnuðu B fd. [...], með gildistíma frá 5. maí 2019 til 4. maí 2029.

Telst þetta varða við h-lið 2. mgr. 116. gr laga um útlendinga nr. 80/2016.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

*Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 5.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. ágúst 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því bótakrafan var birt til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu og frávísunar bótakröfu en til vara krefst hann vægustu refsingar er lög leyfa og lækkunar bótakröfu. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

I.

Þann 8. ágúst 2021, laust eftir miðnætti, var lögreglan kvödd að skemmtistaðnum [...] að [...] vegna kynferðisbrots sem átt hefði sér stað á salerni staðarins. Fram kom í tilkynningu að karlmaður hefði greint dyravörðum frá því að sér hefði verið nauðgað af karlmanni. Meintur gerandi var í haldi dyravarða og var hann handtekinn og færður í fangageymslu. Ástandi hans er lýst sem mjög annarlegu og að hann hafi látið sem hann missti mátt í fótum af og til og talað tungum. Ekki hafi verið unnt að fá fram persónulegar upplýsingar eða kynna honum réttarstöðu hans vegna ástandsins. Persónuskilríki fundust á honum en grunur lék á að þau væru fölsuð. Var það staðfest síðar við frekari eftirgrennslan alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra auk þess sem upplýst var um rétt nafn hans.

Lögreglan ræddi jafnframt við brotþola á vettvangi. Hann var í töluvert miklu uppnámi og lýsti atvikum svo að ákærði hefði gefið sig á tal við sig en brotþoli látið í ljós að hann vildi ekki ræða við hann. Ákærði hefði síðar komið óboðinn inn á salerni þar sem brotþoli var ásamt vinkonu sinni og reynt við brotþola þegar hann var þar orðinn einn. Það hafi síðan verið rétt fyrir lokun staðarins er brotþoli hugðist fara á salernið að ákærði hefði elt hann þangað inn og læst á eftir sér. Hefði hann haft í frammi kynferðislega tilburði og haft kynferðismök við brotþola án hans samþykkis. Lýsti brotþoli háttsemi ákærða ítarlega fyrir lögreglu.

Rætt var við vitni á staðnum sem höfðu haft samskipti við brotþola um kvöldið Aðgerðir á vettvangi voru að hluta til teknar upp á búkmyndavél lögreglumanns.

Í kjölfarið tryggði lögregla sér upptökur úr eftirlitsmyndavél staðarins og tæknideild gerði rannsókn á vettvangi. Á upptöku sést meðal annars brotavettvangur, þ.e. salernisgangur. Þar eru þrjú salerni, eitt merkt „gentlemen“ sem virðist vera stærra salerni og rúmar nokkra karlmenn. Þá eru tvö salerni á ganginum fyrir einn.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu í kjölfar handtöku 8. ágúst og aftur 13. ágúst og 29. nóvember 2021. Hann bar fyrir sig minnisleysi í tengslum við atvik á staðnum og kvaðst hafa verið ofurölvi en einnig hefði hann reykt gras. Taldi hann hugsanlegt að brotþoli hefði lagt fyrir hann gildru þegar hann hefði séð hversu drukkinn ákærði var. Þá kom fram í síðustu skýrslutökunni að ákærði hefði átt við minnistrufnanir að stríða síðustu 17 ár vegna [...]. Kvað hann það lýsa sér þannig að hann missti minnið þegar hann drykki áfengi.

Brotþoli var fluttur á neyðarmóttöku og þar ræddi rannsóknarlögreglumaður frekar við hann um það sem gerðist á salerninu. Haft er eftir honum að í fyrra skiptið hafi ákærði reynt að hafa við hann endaparmsmök. Einnig hafi hann haft við hann munnmök. Í seinna skiptið hafi ákærði haft við brotþola endaparmsmök, þvingað hann til þess að hafa munnmök við sig og fróað sér fyrir framan hann, allt gegn vilja og þrátt fyrir ítrekuð mótmæli hans.

Í skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun og móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings er að finna stutta frásögn brotþola af atvikum umrætt sinn á [...]. Lýsti hann báðum tilvikum sem hefðu átt sér stað á salerni á skemmtistaðnum. Ástandi brotþola við skoðun er lýst með því að haka í viðeigandi reiti og hafði hann bæði andleg og líkamleg einkenni en gaf góða sögu. Fatnaður brotþola var óskemmdur og hann bar enga ytri áverka. Þá kemur fram í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings að brotþoli sé „50 kg+“ og að ákærði hafi haft í fullu tré við hann.

Formleg skýrsla var tekin af brotþola hjá lögreglu sama dag. Greindi hann frá atvikum með ítarlegum hætti. Kvað hann ákærða hafa gefið sig á tal við hann að fyrra bragði og ítrekað reynt að gefa sig að honum um kvöldið. Hefði honum þótt það óþægilegt og fundist sem ákærði væri „eltihrellir“. Síðar um kvöldið hefði hann farið á salerni með vinkonu sinni og hefði ákærði gengið inn á þau og verið ágengur. Vinkonan hefði farið fram en brotþoli orðið eftir og hefði ákærði náð að toga niður um hann buxur og nærbuxur, talað við hann á kynferðislegum nótum, reynt að setja getnaðarlim í endaparm hans og síðan reynt að hafa við hann munnmök. Brotþoli hefði mótmælt og náð að komast út. Síðar um kvöldið hefði hann farið aftur á salernið og orðið var við ákærða í námunda við sig. Ákærði hefði talað við hann á kynferðislegum nótum. Hann hefði svo troðið sér inn með brotþola þegar hann fór á

salernið, lokað hurðinni og byrjað að áreita brotaþola kynferðislega. Hann hefði dregið niður um hann buxur og nærbuxur og haft við hann endaparmsmök og þvingað hann til munnmaka, allt gegn vilja hans. Brotaþoli hefði mótmælt og barist á móti. Eftir að brotaþoli hefði náð að standa á fætur hefði ákærði haldið honum og fróað sjálfum sér. Brotaþoli hefði síðan náð að komast út og kallað strax eftir hjálp.

Brotaþola var í kjölfarið vísað í sálfræðilegt mat og áfallahjálp hjá sálfræðipjónustu Neyðarmóttökunnar. Hann fór í fjóra viðtalstíma á tímabilinu 11. ágúst 2021–14. október 2021 en sinnti ekki frekari meðferð vegna [...], eins og þar segir. Fram kemur í vottorðinu að brotaþoli eigi að baki áfallasögu, m.a. vegna [...], en atvik þetta hafi orðið til þess að vanlíðan hans jókst. Þá segir að brotaþoli hafi haft sálræn einkenni sem þekkt séu hjá fólki sem hafi upplifað alvarleg áföll, svo sem [...]. Þyki ljóst að atburðurinn hafi haft víðtæk áhrif á líðan brotaþola.

Meðal gagna málsins er skýrsla um rannsókn á gögnum sem varðveitt voru á neyðarmóttöku. Niðurstaða hennar var sú að ekki hefðu komið fram nein lífssýni sem gátu talist nothæf til DNA-kennslaggreiningar. Hins vegar væri ekki unnt að útiloka að í sýni sem var varðveitt af innanverðum nærbuxum brotaþola og í tilteknum sýnum teknum af líkama brotaþola væri unnt að finni lífssýni í formi þekjufruma sem nothæf væru til kennslaggreiningar. Sýnin voru send til Nationellt Forensisk Centrum í Svíþjóð auk samanburðarsýna frá brotaþola og ákærða. Greining á sýnum sem tekin voru af hálsi brotaþola annars vegar og getnaðarlim hans hins vegar leiddi í ljós að í báðum sýnum var blanda DNA-sniða frá a.m.k tveimur einstaklingum. Hluti þess DNA sem fram kom var eins og DNA-snið ákærða og hluti eins og DNA-snið brotaþola.

Þá liggja fyrir matsgerðir rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði sem sýna að brotaþoli og ákærði voru báðir undir áhrifum áfengis þegar sýni voru tekin. Styrkur alkóhóls í blóði brotaþola var 0,69‰ í fyrri sýninu, sem tekið var kl. 00:58, en í því seinna, sem tekið var kl. 1:58, var styrkur alkóhóls 0,56‰. Segir í matsgerð að það sýni að styrkur etanóls í blóðinu hafi verið fallandi á þeim tíma og seinna sýni styðji þá niðurstöðu. Styrkur alkóhóls í blóði ákærða var 0,88‰ þegar það var tekið kl. 01:52. Lyf og ólögleg ávana- og fíkniefni sem leitað var eftir í sýnum beggja voru ekki í mælanlegu magni í sýninu.

Fyrir liggur í gögnum málsins að sænsk yfirvöld hafa samþykkt viðtöku ákærða á grundvelli d-liðar 1. mgr. 18. gr. Dyflinnarreglugerðarinnar. Með ákvörðun Útlendingastofnunar sem birt var ákærða 8. apríl 2021 var ákærða vísað frá landinu, sbr. c-lið 1. mgr. 106. gr. laga um útlendinga og skyldi hann fluttur til Svíþjóðar. Ákærði kærði ákvörðunina en hún var staðfest af kærunefnd útlendingamála þann 7. júlí 2021.

## II.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða, brotþola og annarra vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði kvaðst hafa verið að skemmta sér í bænum ásamt vinum sínum og farið inn á [...]. Hann hefði byrjað að drekka snemma þetta kvöld og drukkið ótæpilega. Myndi hann hvorki eftir því að hafa hitt brotþola né eftir því sem gerðist á staðnum. Aðspurður kvaðst ákærði hafa drukkið heila flösku af vodka og tvær kippur af bjór. Hefði hann orðið gjörbreyttur maður eftir drykkjuna en næsta dag hefði allt verið í lagi. Hefði þetta verið í fyrsta sinn sem slíkt gerðist í hans lífi. Þá hefði honum fundist sem hann missti sjónina. Nefndi ákærði einnig að ýmislegt hefði gerst í hans lífi fyrir atvikið sem gæti hafa haft áhrif. Til að mynda hefði hann eitt sinn verið beittur ofbeldi í afplánun og fengið höfuðáverka.

Ákærði kannaðist við sig á upptökum úr eftirlitsmyndavélum staðarins en kvaðst ekki muna eftir því sem honum var sýnt. Kvaðst hann engan áhuga hafa á karlmönnum og raunar hafa verið að stíga í vænginn við stúlku á staðnum. Aðspurður kvaðst hann ekki eiga erfitt með að viðurkenna kynhneigð sína af [...] ástæðum. Spurður um niðurstöður DNA-rannsóknarinnar kvað ákærði hugsanlegt að brotþoli hefði átt frumkvæði að kynferðislegum samskiptum við hann og ætlað að nota hann.

*Brotþoli* kvaðst hafa séð ákærða fyrst rétt fyrir kl. 23:00 á [...]. Hann þekkti ákærða ekkert en ákærði hefði kynnt sig fyrir honum. Hefði brotþoli tekið undir kveðjuna en svo kvatt hann. Kvaðst hann hafa tekið eftir því hvernig ákærði horfði á sig og séð að hann vildi eitthvað meira. Hefði brotþoli bara haldið áfram að skemmta sér en síðar hefði hann séð ákærða einan á ferli og stara á sig. Hefði brotþoli haft orð á því við einhverja að ákærði væri að eltihrella hann, m.a. við vitnið C. Hins vegar væri það í sjálfu sér ekkert einsdæmi og hefði það gerst áður að einhver karlmaður heillaðist af honum. Brotþoli og C hefðu verið á leiðinni á salernið þegar vitnið D hefði gefið honum viðvörðunarkerki er hann sá ákærða í námunda við hann. Þau hefðu haldið áfram inn á salernið og C hefði læst hurðinni. Ákærði hefði opnað allt í einu og gengið inn. Þau hefðu orðið mjög hrædd en litið svo á að ekkert gæti gerst og verið í stuði. Ákærði hefði verið með bjór og boðið þeim sopa sem C hefði þegið en brotþoli afþakkað. Nokkru síðar hefði brotþola farið að þykja aðstæðurnar óþægilegar og hefði stungið upp á því við C að fara að dansa. Hún hefð þá ætlað fram en ákærði hindrað hana í því, teygt úr handleggjunum og ýtt þeim upp að vegg. Hefði hann sagst vilja dansa og nuddað sér kynferðislega upp að þeim. C hefði reiðst og þau hefðu bæði ýtt ákærða til að komast út. Ákærði hafi þá komið sér fyrir á milli þeirra. Hefði brotþoli sagði við C að hann ætlaði að ræða við ákærða. Ákærði hefði svo lokað hurðinni og brotþoli sagt honum að halda sér frá þeim, annars yrðu vandræði. Þá hefði ákærði hrifsað í brotþola og togað niður um hann buxurnar. Svo hefði hann

reynt að þrengja getnaðarlim sínum í endaparm brotaþola en það hafi ekki tekist. Hefði hann sagt við ákærða að hann vildi þetta ekki og héldi hann þessu áfram væri það nauðgun. Ákærði hefði svo reynt að hafa munnmök við brotaþola en þá hefði hann ýtt við honum og komist út af salerninu. Kvaðst brotaþoli ekki hafa sagt C frá því sem gerðist því ákærða hefði ekki tekist ætlunarverk sitt.

Brotaþoli kvaðst hafa séð ákærða aftur eftir þetta kvöld og enn hefði ákærði starað á hann. Hefði hann komið nokkrum sinnum til hans og viljað ræða við brotaþola og vera með honum en brotaþoli hefði hafnað því í hvert sinn. Hefði honum liðið illa vegna þess sem gerðist á baðherberginu en ekki viljað láta það hafa áhrif á sig. Staðnum hefði verið lokað kl. 24:00 og brotaþoli hefði þá ákveðið að fara á salernið áður en hann héldi heim á leið. Tvær stúlkur hefðu verið við salernin og beðið þess að salerni losnaði. Brotaþoli hefði allt í einu fundið þegar einhver snerti rassinn á honum. Hefði hann orðið hræddur er hann sá ákærða. Aðspurður kvaðst hann hafa frosið. Hann hefði hugsað hvort hann ætti að kalla eftir hjálp en brugðist við með þeim hætti að reyna að hunsa ákærða og vonast til þess að hann færi. Hefði brotaþoli talað við stúlkurnar þar til þær fóru en þá hefði ákærði fært sig nær honum. Kvaðst brotaþoli þá hafa verið ákveðnari, snúið bakinu í hann og skoðað símann sinn. Ákærði hefði reynt að kyssa hann og þrýst sér upp að honum en brotaþoli hefði hafnað honum. Ákærði hefði sagt að hann myndi fara ef brotaþoli kyssti hann ekki. Hefði brotaþoli ekki sýnt nein viðbrögð við þessu. Ákærði hefði hins vegar haldið áfram og snert hann. Kvaðst brotaþoli hafa sagt að hann þyrfti að fara á salernið. Ákærði hefði þá sagst vilja koma með en brotaþoli hefði svarað því neitandi. Hefði hann á þessum tímapunkti verið ákveðinn í því að halda sínu striki og fara á salernið eins og hann ætlaði sér. Þar að auki hefði hann vitað af eftirlitsmyndavél sem þarna var og kvaðst hann því aðspurður á vissan hátt hafa upplifað sig öruggan. Tvær aðrar stelpur hefðu komið og þurft að komast á salernið. Hefði brotaþoli hleypt þeim á undan í þeirri von að ákærði færi. Brotaþoli hefði síðan farið inn þegar salernið losnaði og hefði ákærði þá troðið sér inn á eftir honum. Stúlka hefði komið í gættina og sagt „ætlið þið að stunda kynlíf því ég er í spreng“. Hefði brotaþoli svarað „nei það myndi ég aldrei gera“. Aðspurður kvað brotaþoli stúlkuna hafa verið svo dónalega og fulla að hann hefði talið það vera til einskis að leita eftir aðstoð hennar.

Inni á salerninu hefði ákærði byrjað að kyssa hálsinn á honum. Brotaþoli hefði sagt að hann vildi ekkert með hann hafa og héldi hann uppteknum hætti væri það nauðgun. Þá hefði brotaþoli sagst ekki geta pissað fyrir framan hann. Ákærði hefði þá togað buxurnar hans niður og reynt að setja getnaðarliminn í endaparm brotaþola. Í þetta sinn hefði hann komist lengra en þó ekki tekist að koma limnum alla leið inn. Brotaþoli hefði beðið hann allan tímann að hætta. Ákærði hefði þá ýtt honum lengra inn og niður á gólf. Brotaþoli hefði þá grátbeðið hann að hætta og sagt þetta vera

nauðgun. Hefði ákærði þá gripið um höfuð brotaþola og þrengt limnum upp í munn hans. Lýsti brotaþoli því að hann hefði ekki getað kallað eftir hjálp þar sem honum hefði legið við köfnun. Nikótínþúði sem hann var með í vörinni hefði farið niður í háls. Kvaðst hann á þeirri stundu hafa óttast um líf sitt en sér hefði tekist að ýta ákærða frá sér og náð þá andanum. Hefði hann ekki viljað láta vaða yfir sig. Ákærði hefði haldið áfram og sagt að brotaþoli væri tíkin hans. Kvaðst brotaþoli hafa náð að standa á fætur og ákærði þá sagt að hann elskaði hann. Hefði brotaþoli reynt að teygja sig í átt að hurðinni til að aflæsa henni en ákærði hefði haldið brotaþola og fróað sér um leið og sagst vilja ljúka sér af. Brotaþoli hefði þá lagt hönd sína á hans og viljað þannig stoppa hann. Við það hefði komið örlítið hik á ákærða og hefði brotaþoli þá náð að opna hurðina og komast út. Kvaðst hann hafa öskrað að sér hefði verið nauðgað.

Brotaþoli kvaðst áður hafa [...]. Hefði hann náð tökum á því áfalli með meðferð og á þessum tíma hefði hann ekki lengur glímt við [...]. Atvikið hefði orðið til þess að hann upplifði [...] á nýjan leik. Hann hefði einangrað sig og í kjölfarið misst tengslin við vini sína og fjölskyldu. Þá hefði hann farið að notað áfengi í meiri mæli. Lýsti brotaþoli líðan sinni og afleiðingum meintra brota frekar fyrir dóminum. Kvaðst hann hafa hætt að sinna sálfræðitímum sem honum stóðu til boða en nú væri hann hjá erlendum meðferðaraðila á fjarfundum.

*E* kvaðst hafa verið að vinna á barnum þetta kvöld en hún væri góð vinkona brotaþola. Þegar verið var að loka barnum hefði brotaþoli komið hlaupandi af salerninu og kallað að sér hefði verið nauðgað. Aðspurð kvað hún hann hafa verið sveittan, grátandi, mjög taugaveiklaðan og í uppnámi. Hefði hún strax farið til hans. Hann hefði grátið þegar hún spurði hvað amaði að og sagt að gerandinn væri á salerninu. Hefði hann átt erfitt með að útskýra hvað gerðist og hún þá kallað á öryggisverði. Kvaðst hún hafa séð ákærða síðar og hefði hann litið út fyrir að vera í annarlegu ástandi, hlegið og horft upp í loftið.

Vitnið kvað brotaþola hafa viljað losna við ákærða og því farið á salernið en hann hefði elt hann þangað. Maðurinn hefði ýtt honum inn, læst og sagt honum að sjúga hann á sér. Hann hefði þrýst honum niður til að gera þetta og tekið í höfuðið á honum en brotaþoli hefði sagt honum að sleppa sér og streist á móti. Hafði vitnið eftir brotaþola að ákærði hefði látið hann veita sér munnmök.

*D* kvaðst hafa séð ákærða um kvöldið og hefði hann virst vera í sérkennilegu ástandi eða fullur. Maðurinn hefði daðrað við vitnið en sér hefði fundist hann óþægilegur. Vitnið kvaðst hafa séð brotaþola með vinkonu sinni og ákærði hefði verið að tala við hann. Hefði vitnið þá gefið brotaþola viðvörðunarkerki. Þegar fór að nálgast lokun staðarins kvaðst vitnið hafa séð þegar brotaþoli kom fram grátandi og í „sjokki“. Hefði hann átt erfitt með að tala. Vitnið kvaðst líka hafa séð meintan geranda en hann hefði verið brosandí og skrýtnari en áður. Vitnið kvað brotaþola hafa sagt að

gerandinn hefði reynt að „gera alls konar“. Hefði hann læst hann inni og neytt hann til að fróa honum og „ríða honum“ en vitnið kvaðst ekki hafa náð því almennilega hvort honum hefði tekist það.

*F* kvaðst hafa séð þegar brotþoli kom hlaupandi fram og kallaði eftir hjálp. Hann hefði verið dauðhræddur og grátandi og sagt að maður hefði læst hann inni á klósett og ekki viljað hleypa honum út. Hefði hann reynt að fá hann til munnmaka, haldið honum niðri og eitthvað meira. Aðspurður kvað hann brotþola hafa verið í mjög miklu uppnámi en náð að róa sig niður svo unnt hefði verið að skilja hann. Vitnið kvaðst hafa séð öryggisverði með gerandann í haldi. Hann hefði verið brotþoli. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir honum um kvöldið en hann hefði staðið úti í horni og virst vera undir áhrifum.

*G*, [...] staðarins, kvaðst hafa séð strák koma hlaupandi beint til vinkonu sinnar á barnum. Hefði hann sagt á ensku að sér hefði verið nauðgað eða „raped“. Hefði brotþoli virst vera á barmi taugaáfalls og titrað allur. Meintur gerandi hefði verið kyrrsettur meðan beðið var eftir lögreglunni. Hann hefði ekki sýnt mótþróa en þó viljað fara og ekki virst skilja starfsmennina. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hvort maðurinn hefði verið undir áhrifum. Borið var undir vitnið það sem haft var eftir honum í lögregluskýrslu um að brotþoli hefði sagt „I was raped in the mouth“ og kvað vitnið það rétt.

*H* kvaðst hafa séð gerandann fyrst í röðinni fyrir utan [...] en hann hefði veitt vitninu og félagan hans athygli. Á leiðinni út á reykingasvæði staðarins hefði maðurinn stoppað vitnið, tekið utan um mittið á honum og haft orð á því að hann væri sætur. Hann hefði endurtekið þetta þegar vitnið ætlaði að ganga í burtu. Hefði vitnið þá ýtt honum frá sér, þótt hann óþægilegur og ekki viljað tala við hann. Vitninu hefði ekki fundist eins og maðurinn væri drukkinn nema síður væri. Hann hefði verið mjög ákveðinn og á staðnum með eitthvað kynferðislegt í hyggju. Vitnið kvaðst hafa séð þegar brotþoli hefði komið í uppnámi og sagst hafa verið inni á salerni þegar maður hefði ruðst inn, þvingað hann á hnén og til þess að koma við getnaðarlim sinn. Hefði brotþoli átt erfitt með að tjá sig og andað ótt og títt.

*I* [...] kvaðst hafa fengið tilkynningu um brot um það leyti er verið var að loka staðnum. Bent hefði verið á mann sem geranda og hefði vitnið tekið mynd af honum og sýnt brotþola sem staðfesti að hún væri af geranda. Hegðun mannsins hefði orðið undarleg og breyst úr því að vera venjuleg yfir í látalæti. Nánar spurður kvað hann manninn hafa farið að ranghvolfa í sér augunum og þykjast fá aðsvif eða vera undir einhverjum áhrifum. Þá hefði hann talað á útlendu tungumáli. Hefði þetta gerst þegar hann vissi að löggan væri á leiðinni og hann hefði breyst á „núll einni“ eftir að honum var sagt að hann væri ekkert að fara. Vitnið kvaðst hafa séð brotþola fyrr um kvöldið

og hefði hann verið hress og venjulegur en ekki „blekaður“ eins og svo margir. Eftir atvikið hefði brotápoli hins vegar verið mjög lítill í sér.

*J [...]* kvaðst hafa verið að loka staðnum þegar brotápoli hefði komið hlaupandi út salernisganginn, að barnum og í fangið á honum. Hefði hann sagt að sér hefði verið nauðgað og verið í mikilli geðshræringu. Þegar ákærði hefði komið gangandi út af klósettganginum hefði hann verið færður afsíðis meðan beðið var eftir lögreglu. Hann hefði farið að gera sér upp eitthvert ástand og lyppast niður í gólfið. Hefði þurft að hífa hann upp í stólinn. Þetta hefði gerst skyndilega en áður hefði hann bæði gengið og setið eðlilega.

*C* kvaðst hafa kynnst brotápolana þetta kvöld. Þau hefðu fengið sér drykki og vitnið hefði séð karlmann horfa á þau. Brotápoli hefði sagt að sá hefði verið að elta hann og horfa á hann. Eftir þetta hefðu vitnið og brotápoli farið að dansa og síðan farið á salernið. Skömmu síðar hefði umræddur maður komið inn og kvaðst vitnið muna að sér hefði brugðið við það. Vitnið kvaðst ekki hafa verið „í góðu ástandi“ og ekki muna hvað gerðist inni eftir það. Kvaðst hún muna að maðurinn hefði farið að tala eitthvað við þau og síðan hefðu þeir tveir verið eftir inni og hurðinni lokað. Hún hefði beðið eftir brotápolana fyrir utan. Þegar hann hefði komið hefðu þau farið að dansa. Hún hefði heyrt í brotápolana eftir atvikið og hann hefði sagt að maðurinn hefði áreitt sig síðar um kvöldið.

*Lögreglumaður [...]* lýsti aðkomu sinni á vettvangi svo að sér hefði verið vísað á brotápolana og í kjölfarið hefði hann rætt við hann. Hefði hann greint frá því að sér hefði verið nauðgað á salerni staðarins af karlmanni. Gerandinn hefði haft við hann munnmök og reynt að þröngva limnum í endaparm hans. Hefði brotápoli sagst hafa sloppið fram og látið vita hvað gerðist. Brotápoli hefði verið í töluverðu uppnámi og grátið af og til er hann lýsti atburðum og honum hefði sýnilega liðið mjög illa. Hann hefði verið undir áhrifum áfengis en vel viðræðuhæfur og samtalið hefði farið fram á ensku. Þá hefði hann einnig lýst atviki er hann var með vinkonu á salerni og ákærði hefði komið inn og reynt að dansa við þau. Brotápoli hefði gert honum ljóst eftir að vinkonan var farin út af salerninu að hann hefði engan áhuga á honum.

*Lögreglumaður [...]* kom á vettvang umrætt sinn og var vísað á meintan geranda af starfsmönnum staðarins. Hann hefði setið á stól og hefði verið hafist handa við að flytja hann út í lögreglubifreiðina. Hefði hann þá þóst vera svo ölvaður að hann gæti ekki staðið í fæturna og hefðu lögreglumennirnir hálfpartinn þurft að bera hann út í bílinn. Slíkt hefði ástand hans ekki verið þegar þeir komu á staðinn. Hefði þeim fundist hann gera sér þetta upp því hann hefði sett fótinn fyrir sig um leið og hann var færður inn í bílinn og þá vel getað haldið sér uppi. Í bílnum á leiðinni hefði hann öskrað og talað samhengislaust.

*K sérfræðingur* fór yfir helstu atriði skýrslu vegna DNA-rannsóknar en fjögur sýni voru send til rannsóknar, eitt úr innanverðum nærbuxum brotaþola og þrjú stroksýni af brotaþola. Greining á sýnunum hefði leitt í ljós lífssýni í stroksýnum merktum húðsýni/háls og penis og þar komið fram blanda af DNA-sniði ákærða og brotaþola. Vitnið gerði frekari grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar. Hann kvaðst ekki geta sagt til um hvort snerting sem skildi eftir sig lífssýni væri með höndum eða munni.

*L, læknir* gerði grein fyrir helstu niðurstöðum réttarlæknisfræðilegrar skoðunar á brotaþola á neyðarmóttöku. Engir ytri áverkar hefðu komið í ljós við skoðun. Aðspurður kvað hann endaðarmismök eða tilraun til þess að setja getnaðarlim inn í endaðarm ekki sjálfkrafa skilja eftir sig áverka. Slíkt færi m.a. eftir því hvort endaðarmur væri teygjanlegur og hvort viðkomandi hefði áður stundað endaðarmismök.

*M sálfræðingur* kvaðst hafa hitt brotaþola alls fjórum sinnum eftir að honum var vísað til hennar af neyðarmóttöku. Hann hefði ekki nýtt alla tímana sem stóðu til boða. Hefði verið unnið samkvæmt klínískum leiðbeiningum. Brotaþoli hefði sýnt einkenni [...] á prófum og samhliða því hefði vitnið lagt mat á einkennin. Miðað við niðurstöður hefði verið talin þörf á meðferð en brotaþoli hefði afþakkað. Að liðnum tveimur mánuðum frá atvikinu hefðu ekki komið fram skýrar vísbendingar um [...] og því staðið til að fá ítarlegra mat á einkennum. Brotaþoli hefði vitað [...] út á hvað slíkt mat gengi og ekki treyst sér í það þá. Brotaþoli hefði haft nokkuð [...].

### III.

#### **Niðurstaða**

Ákærða er gefið að sök að hafa brotið kynferðislega gegn brotaþola í tvö aðgreind skipti á salerni [...], aðfaranótt 8. ágúst 2021. Annars vegar með tilraun til nauðgunar og hins vegar með fullframinni nauðgun. Hér á eftir verður fjallað um þessi tilvik og komist að niðurstöðu í framhaldinu.

Ákærði neitar sök samkvæmt báðum ákæruliðum og kvaðst ekkert muna eftir atvikum sökum ölvunar og minnisleysis. Rifjuðust atvik ekki upp fyrir honum þrátt fyrir að honum væru sýndar upptökur frá vettvangi undir rannsókn málsins og aftur fyrir dómi. Hann kannast við að hafa verið á [...] umrætt sinn og kannast við sig á upptökunum.

#### *Ákæruliður 1*

Ákærði neitar því að hafa gert tilraun til þess að nauðga ákærða á salerni [...] eins og nánar er lýst í ákæru. Hann hefur fyrst og fremst gefið þær skýringar á minnisleysi sínu að hann hafi drukkið ótæpilega um kvöldið og orðið ofurölvi. Slíkt er hins vegar hvorki unnt að merkja á upptökum úr eftirlitsmyndavélum né fyrirbyggjandi mælingum á styrk alkóhóls í blóði ákærða. Þá fær það ekki stoð í framburði þeirra vitna sem höfðu samskipti við hann á vettvangi. Lýstu vitnin sérkennilegu háttalagi ákærða sem hefði náð hápunkti eftir að lögregla kom á vettvang. Ósannað er að það eigi rætur að rekja til ölvunar. Til þess er að líta að þegar réttarlæknisfræðileg rannsókn var gerð á ákærða síðar þennan dag var hann rólegur og samvinnuþýður. Það var fyrst eftir að ákærða voru kynntar niðurstöður áfengismælingar, nánar tiltekið í í þriðju skýrslutöku hjá lögreglu, að hann nefndi að hann hefði átt við andleg veikindi að stríða. Engin tilraun hefur verið gerð af hans hálfu til að varpa frekara ljósi á það í hverju þau veikindi séu fólgin og hvernig þau orsaki minnisleysi hans. Samkvæmt framansögðu þykir framburður ákærða um algert minnisleysi vegna framangreindra ástæðna vera ótrúverðugur.

Í málinu er ekkert sem liggur fyrir um að samdráttur hafi verið með ákærða og brotþola um kvöldið, en þeir þekktust ekkert fyrir. Framburður brotþola hvað þetta varðar og um það sem gerðist á salerninu umrætt sinn hefur verið stöðugur og greinargóður frá upphafi. Bar hann á sama veg í öllum meginatriðum um atburðarásina á salerninu allt frá því að lögregla ræddi við hann á neyðarmóttöku. Fyrir dómi lýsti brotþoli því svo að hann hefði ákveðið að vera eftir á salerninu þegar vitnið C fór fram og ræða við ákærða. Ákærði hefði hins vegar strax byrjað að leita á hann. Að mati dómsins er framburður brotþola trúverðugur og samræmist lýsing hans á því sem gerðist fyrir og eftir atvikið upptöku úr eftirlitsmyndavél. Þá gaf brotþoli skýringar á því hvers vegna hann hefði orðið eftir á salerninu með ákærða.

Á upptöku úr eftirlitsmyndavél sjást brotþoli og vitnið C fara saman inn á salernið kl. 23:39. Þá sést ákærði koma í kjölfarið og virðist hann eiga við læsinguna. Hann opnar hurðina og lokar á eftir sér. Tveimur mínútum síðar eða kl. 12:41 gengur C þaðan út og bíður fyrir utan í þrjár mínútur eða til kl. 23:44 er brotþoli kemur út og þau sjást ganga þaðan burt. Ekki verður ráðið af upptökunni að eitthvað ami að brotþola og er það í samræmi við það sem hann hefur sjálfur borið um, þ.e. að hann hafi ekki látið á neinu bera eða rætt það sem gerðist á salerninu. Ákærði sést síðan koma út af salerninu kl. 23:45.

Vitnið C, sem kvaðst hafa verið undir talsverðum áhrifum áfengis, kvaðst aðeins muna að ákærði hefði komið óboðinn inn á salernið til þeirra en ekkert eftir því sem gerðist í framhaldinu.

Sannað er með upptöku úr eftirlitsmyndavél og framburði brotaþola og C að ákærði hafi komið inn á salernið óboðinn en ekki að hann hafi ruðst þangað inn eins og í ákæru greinir. Enginn annar en brotaþoli er til frásagnar um það sem gerðist eftir það en fyrir liggur að brotaþoli greindi engum á staðnum frá því í kjölfarið.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákæruvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag. Í 1. mgr. 109. gr. laganna er enn fremur kveðið á um að dómari meti hverju sinni hvort nægileg sönnun sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða, vitnisburður annarra og sýnileg sönnunargögn hafi. Af þessu leiðir að vafa um sönnun sektar verður að skýra ákærða í hag.

Til þess að leggja megi trúverðugan framburð brotaþola til grundvallar þarf hann að fá fullnægjandi stoð af öðrum sönnunargögnum málsins svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að refsiskilyrðum sé fullnægt. Með hliðsjón af því sem áður er rakið er það mat dómsins að framburður brotaþola hafi ekki þá stoð að nægi til að sakfella ákærða fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

## *Ákæruliður 2*

Ákærði neitar sök samkvæmt þessum ákærulið. Vísað er til þess sem rakið er í tengslum við ákærulið 1 um mat á trúverðugleika framburðar hans um ástæður minnisleysis og skýringar á því.

Eftir að brotaþoli kom út af salerninu kl. 23:44 verður ekki séð af upptökum í málinu að nokkur samdráttur hafi verið með honum og ákærða, eins og brotaþoli hefur staðfastlega borið um. Á upptöku kl. 23:46 sést ákærði í nálægð við brotaþola sem er á tali við konu. Kl. 23:51 sést brotaþoli ganga fram hjá ákærða í átt að salernum. Ákærði sést þá koma á eftir honum. Á tímabilinu frá kl. 23:51 til 23:57 eru brotaþoli og ákærði báðir á ganginum framan við salernin en ákærði bregður sér stutt inn á salerni merkt „gentlemen“ og kemur svo til baka. Nokkur umgangur fólks er um ganginn á tímabilinu og brotaþoli sést tala vinsamlega við tvær konur en ákærði fylgist grannt með en er ekki þátttakandi í samræðunum eða honum boðið að taka þátt í þeim. Hluta tímans eru brotaþoli og ákærði þar einir og sést þá m.a. er ákærði stendur þétt fyrir aftan brotaþola og snertir hann ítrekað. Ákærði sést tala við brotaþola sem svarar stuttlega en horfir ekki á ákærða nema út undan sér, gefur honum lítinn sem engan gaum og skoðar símann sinn. Kl. 23:57 losnar salerni og brotaþoli horfir á ákærða sem fer ekki inn og gengur brotaþoli þá inn og sést taka í hurðarhúninn til að loka. Ákærði kemur inn á hæla hans. Þá sést kona koma aðvífandi, setja fót á milli stafs og

hurðar og segja eitthvað örstutt áður en hurðinni er lokað af ákærða. Kl. 00:03 sést brotapolí koma út af salerninu og flýta sér fram. Hurðinni er lokað á eftir honum og ákærði sést koma út af salerninu um hálfri mínútu síðar. Þá sést á upptöku er brotapolí hleypur að barnum og ræðir við starfsfólk og bendir í átt að salernisgangi. Einnig sést þegar ákærði kemur gangandi fram og dyraverðir taka stjórn en ákærði bíður rólegur. Kl. 00:07 sést ákærði hníga niður á gólfið en standa svo á fætur og er þá sóttur stóll fyrir hann sem hann sest á. Ástand hans er þá annað en áður var. Þá sést kl. 00:11 er lögregla færir ákærða í handjárn og leiðir hann fram.

Fyrir liggur að ákærði var í dökkri langermápeysu umrætt sinn en brotapolí í stuttermabol. Það sést því greinilega á upptökum er ákærði lokar salernishurðinni.

Eins og nánar greinir í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa nauðgað brotápola á salerninu. Háttsemin er heimfærð undir 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga en þar segir að hver sá sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans hefur gerst sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja. Samþykki telst ekki liggja fyrir ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmatrí nauðung. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Í athugasemdum um ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 16/2018 og settu samþykki í forgrunn skilgreiningar á nauðgun í almennum hegningarlögum, segir að hvað varði hugtakið samþykki sé ljóst að samþykki fyrir þátttöku í samræði eða öðrum kynferðismökum verði að tjá með orðum eða annarri ótvíræðri tjáningu. Það þýði að gefa þurfi samþykki til kynna eða að virk þátttaka í tiltekinni athöfn verði túlkuð sem samþykki af hálfu annars eða annarra þátttakenda. Ekki verði gerð krafa um að þáttakandi mótmæli eða sýni mótstöðu gagnvart þátttöku í kynferðislegri athöfn. Þá geti algert athafnaleysi ekki verið túlkað sem vilji til þátttöku.

Framburður brotápola um það sem gerðist umrætt sinn hefur verið stöðugur og dómurinn metur hann trúverðugan. Hefur hann frá upphafi lýst atvikum í öllum meginatriðum á sama veg og að það sem þar gerðist hafi verið án samþykkis hans. Frásögn hans fyrir dómi um athafnir sínar um kvöldið, fyrir og eftir atvikið, hefur verið nákvæm og í samræmi við það sem sjá má á upptökum úr eftirlitsmyndavélum. Þá gætti þess ekki að brotapolí gerði meira úr atvikum en efni voru til. Greindi brotapolí svo frá að hann hefði forðast ákærða eftir fyrri samskipti þeirra. Ákærði hefði gefið sig að honum þegar hann ætlaði á salernið í það skipti sem hér um ræðir. Hefði ákærði verið nærgöngull, sagst elska hann og viljað kyssa hann. Hefði brotapolí brugðist við með því að segjast ætla fara að pissa og svarað því neitandi þegar ákærði

hefði sagst vilja koma með. Ákærði hefði síðan elt hann inn á salernið þegar það losnaði.

Brotapoli hefur borið um að honum hafi staðið stuggur af ákærða auk þess sem hann hefði gert sér fulla grein fyrir því að áhugi ákærða á honum væri af kynferðislegum toga. Í ljósi fyrri samskipta og aftur vegna háttalags ákærða á salernisganginum gat brotapoli því átt von á að ákærði elti hann inn á salernið. Að því virtu verður ekki hjá því komist að líta á viðbrögð brotþola og sumpart skýringar hans sem órókréttar. Það er þó mat dómsins að ekki verði litið svo á að brotapoli hafi með athafnaleysi sínu og lágstemmdum viðbrögðum veitt samþykki sitt fyrir því að ákærði fylgdi honum inn á salernið og gat ákærða ekki dulist það. Þá þykir framangreint ekki draga úr trúverðugleika framburðar hans um meint brot ákærða gegn honum inni á salerninu.

Brotapoli hefur borið um að ákærði hafi byrjað að kyssa á honum hálsinn á salerninu. Hafi brotapoli þá strax sagt að hann vildi ekkert með hann hafa. Ákærði hafi hins vegar haldið áfram, reynt að hafa við hann endaparmsmök, síðan þvingað hann til munnmaka og að endingu fróað sér fyrir framan hann þar til hann komst út. Á meðan á þessu stóð hafi brotapoli brostið í grát og ítrekað beðið hann að hætta, bæði með orðum og með því að slá á læri ákærða.

Í kjölfar meints brots sést á upptöku þegar brotapoli hraðar sér út af salerninu og hleypur þaðan rakiðis til starfsmanna staðarins. Báru vitnin á sama veg um að brotapoli hefði verið í uppnámi, grátið og átt erfitt með að greina frá sökum ástands síns. Kom skýrt fram að ákærði hefði brotið gegn honum á salerninu eins og áður er rakið. Báru vitnin sem fyrst tóku á móti honum að brotapoli hefði sagt að sér hefði verið nauðgað og eitt vitnið kvað hann hafa sagt að ákærði hefði nauðgað honum í munninn, einnig hefði komið fram að ákærði hefði haft við hann samræði eða reynt það. Þá staðfesti lögreglumaður sem kom á vettvang ítarlega frásögn brotþola. Eins og áður greinir liggur einnig fyrir móttökuskýrsla hjúkrunarfræðings og skýrsla um réttarlæknisfræðilega skoðun þar sem rakin er frásögn brotþola og ástandi hans lýst. Framangreint styður ótvírætt að brotapoli hafi orðið fyrir áfalli.

Þá liggja fyrir í málinu niðurstöður lífsýnagreiningar sem styðja frásögn brotþola en rannsókn á sýnum sem tekin voru af hálsi brotþola annars vegar og getnaðarlim hans hins vegar leiddi í ljós að í þeim var blanda DNA-sniða frá ákærða og brotþola. Einnig liggur fyrir sálfræðimat þar sem brotapoli var greindur með einkenni áfallastreituröskunar sem rakin eru til meints brots ákærða.

Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari við úrlausn máls sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans. Í því sambandi

skal meðal annars hugað að ástandi hans og hegðun við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Samkvæmt þessu verður að meta annars vegar innra samræmi framburðarins með tilliti til þess hvort mótsagna gætir í frásögn hans og skýringum og hins vegar ytra samræmi framburðarins sem beinist að því að virða hann í ljósi annarra upplýsinga sem fram hafa komið við málsmeðferðina. Á þessum grunni verður metið hvort framburðurinn sé trúverðugur og hvaða áhrif það hefur með tilliti til annarra sönnunargagna sem liggja fyrir í málinu. Við þetta mat verður aftur á móti ekki litið til þess hvort hann hefur áður verið sakfelldur fyrir samkynja brot eða hvort honum eru í málinu gefin að sök önnur sams konar brot. Má í þessu sambandi vísa til umfjöllunar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 16/2020.

Eins og áður greinir hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að skýringar ákærða á minnisleysi sínu séu ótrúverðugar. Til þess er að líta að hann hefur ekki borið afdráttarlaust á móti því að atvik hafi verið með þeim hætti sem brotþoli hefur lýst. Þá liggja fyrir í málinu gögn sem ástæða hefði verið fyrir ákærða að tjá sig um eða skýra, svo sem um háttalag hans sem má glögglega sjá á upptökum úr eftirlitsmyndavél og niðurstöður DNA-lífsýnarannsóknar. Verður að líta svo á að það hafi staðið ákærða nær. Var honum bent á framangreint í þinghaldinu.

Enginn er til frásagnar um það sem gerðist á salerninu umrætt sinn nema brotþoli. Eins og áður er rakið er ekkert fram komið í málinu sem styður að brotþoli hafi samþykkt kynmök við ákærða, svo hafi verið eða að ákærði hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla að svo væri. Við sönnunarmat er litið til allra aðstæðna í aðdraganda, hvernig aðferðum ákærði beitti og aðstöðumunar ákærða og brotþola í aldri og líkamlegum burðum, svo og atvika í kjölfar meints brots sem þegar hefur verið lýst. Að öllu framangreindu virtu þykir mega leggja til grundvallar trúverðugan framburð brotþola um atvik en hann fær fullnægjandi stoð af framburði vitna og gögnum í málinu, eins og áður er rakið. Telur dómurinn að uppfyllt séu refsiskilyrði 18. gr. almennra hegningarlaga og fram sé komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um nauðgun. Er háttsemi hans rétt heimfærð undir 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

### *Ákæruliður 3*

Ákærði hefur skýlaust játað brot sitt samkvæmt ákærulið þessum. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

IV.

**Refsíákvörðun o.fl.**

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir nauðgun og brot gegn útlendingalögum. Hann á ekki að baki sakaferil hér á landi en gögn málsins sýna að hann hefur gerst sekur um refsiverð brot í Svíþjóð. Ber þá að nefna dóm Södertörns Tingsrätt frá 7. febrúar 2019 en þá var hann dæmdur í 14 daga fangelsi fyrir tvö blygðunarsemisbrot. Við ákvörðun refsingar er litið til þessa en ekki til ítrekunaráhrifa 2. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar er til þess litið að ákærði braut freklega gegn kynfrelsi brotaþola og nýtti sér yfirburði í aðstöðu- og aflsmunum. Ásetningur ákærða var einbeittur en hann lét sér ekki segjast þó að brotaþoli væri honum ókunnugur og hafði vísað honum á bug. Þá er litið til þeirra afleiðinga sem brotið hefur haft fyrir andlega heilsu brotaþola og gætir þeirra enn. Ákærði á sér engar málsbætur.

Með vísan til framangreinds svo og 1., 2., 5., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfileg refsing ákærða vera þriggja ára fangelsi.

Brot ákærða fól í sér ólögmæta meingerð gagnvart brotaþola í skilningi 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og ber ákærða að greiða honum miskabætur. Brot ákærða er til þess fallið að valda brotaþola miska. Í málinu liggur fyrir vottorð sálfræðings þar sem lýst er þeim áhrifum sem háttsemin hafði á brotaþola en ekki liggja fyrir frekari gögn um áframhaldandi meðferð og framgang. Þykir fjárhæð miskabóta með vísan til framangreinds hæfilega ákveðin 2.000.000 króna en fjárhæðin ber vexti eins og nánar greinir í dómsorði. Ákærða var birt einkaréttarkrafan við þingfestingu málsins og er upphafsdagur dráttarvaxta mánuði síðar.

Með vísan til niðurstöðu málsins verður ákærða gert að greiða helming alls sakarkostnaðar málsins en kostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ber ákærða að greiða helming málsvarnarlauna verjanda síns, Guðrúnar Birgisdóttur lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 1.550.000 krónur, helming þóknunar réttargæslumanns brotaþola, 850.000 krónur, og helming annars sakarkostnaðar sem er samkvæmt framlögðu yfirliti 714.431 króna. Við ákvörðun þóknunar lögmanns er höfð hliðsjón af tímaskýrslum þeirra og umfangi og meðferð málsins. Jafnframt er litið til reglna Dómstólasýslunnar nr. 1/2022 auk þess sem tekið er tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Faisal Mohed Freer, sæti fangelsi í þrjú ár.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 7. ágúst 2021 til 2. mars 2022, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Guðrúnar Birgisdóttur lögmanns, 1.550.000 krónur, og helming þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola, Önnu Krístrúnar Einarsdóttur lögmanns, 850.000 krónur, en helmingur fjárhæðanna greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði helming annars sakarkostnaðar, 714.431 krónu, en helmingur fjárhæðarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Sigríður Hjaltested